



ALDARAFMÆLI ÞJÓÐMENNINGARHÚSS

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar 28. mars 2009

Forsætisráðherra
Menntamálaráðherra
Góðir hátíðargestir.

Þegar við komum saman til að fagna aldarafmæli Þjóðmenningarhússins, glæsilegra heimkynna Landsbókasafns, þjóðskjala og náttúruminja í áratugi, er fróðlegt að líta í sjónhendingu myndir frá Reykjavík þegar Íslendingar fengu heimastjórn, festa í minni hinn fátæklega bæjarbrag, hrörleg timburhúsin, malargötur, kofana á baklóðunum.

Þá fáum við dýpri skilning á hvernig húsið hér við Hverfisgötu varð musteri þeirra vona sem hið nýfengna frelsi kveikti í brjóstum Íslendinga; birti metnað, draumsýn og hugsjónaeld þegar sjálfstæðisbaráttan færði þjóðinni loks þingræði og langþráða stjórn. Hin eina bygging auk Alþingishússins sem gat talist umgjörð við hæfi þjóðar sem fann að henni bar aukinn réttur.

Það var eðlilegt að hér innan veggja yrði varðveittur bókakostur Íslendinga, annálarnir, skjölin þar sem erfiði og áþján fyrri tíðar var skráð, náttúrusafnið sem minnti á lofsöngva skáldanna, fegurð landsins, óður til lífríkis sem um aldir var samofið örlögum alþýðunnar.

Um langa hríð var húsið hof lærdóms og fræða. Hingað komu í lestrarsali ungir og aldnir, námsmenn og sagnaþulir, verkamenn og prófessorar, grúskarar og bændur sem dvöldu um hríð í borginni.

Það var mér ungum lán að kynnst þessari veröld, dvelja hér löngum við efnissöflun, rannsóknir á stjórn málaþróun nítjándu aldar, grundvellinum sem síðar bar baráttu stétta og flokka. Þá voru langborðin salarþryði og veglegir viðarstólar sæti sérhvers sem hingað kom.

Verðirnir báru bækur og blöð til gesta safnsins. Þjóðþekktir fræðimenn, skáld og rithöfundar blönduðu geði við sérvitringa. Í hillum við glugga hlóðust New Statesman og Guardian Weekly upp í bunkum; þá nánast eini umræðumiðill heimsfréttanna sem völ var á.

Fyrir okkur hina ungu námsmenn var dvölin hér lifandi kynning á því sem á hátíðarstundum var kallað íslensk menning. Við bárum höfuðið hátt þegar gengið var inn og aftur heim að kvöldi. Sál hússins fylgdi okkur, niður hins liðna, andi tímans.

Engin bygging hefur á umbrotaskeiði liðinnar aldar verið heimkynni menningar, fræða og sögu á sama hátt og þetta hús. Því er skylda okkar að varðveita það vel; sýna komandi kynslóðum að við höfum til að bera sama metnað og þjóðin sem reisti það; skiljum hver hin raunverulegu verðmæti eru, hvar skilur á milli feigs og ófeigs í róti tímans.

Þjóðmenningarhúsið hefur á nýliðnum árum öðlast nýtt hlutverk sem enn er í mótun; áriðandi að samfella verði milli sögunnar sem það geymir og ögrandi verkefna komandi ára.

Hér þurfa sýningar að verða landsmönnum vettvangur sjálfsrýni og uppgötvana, áminning um fjölþætta arfleifð og mikilvægi nýsköpunar.

Hér þarf þjóðin að finna rætur sínar og örvun til nýrra verka, nema vonina sem var vöggugjöf kynslóðanna sem fetuðu fyrir heilli öld fyrstu sporin á sjálfstjórnarbraut.

Það er við hæfi að strengja slík heit á þessum vegamótum og óska þjóðinni allri til hamingju með að hafa svo lengi átt þetta hús.